

# Fjölbrautaskóli Vesturlands (FVA), kt. 681178-0239, og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning

## 1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig FVA uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi skólans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

## 2. Hlutverk og megináherslur


FVA er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FVA þjóna því.

Stefna skólans er birt í skólanámskrá sem er á vefnum [www.fva.is](http://www.fva.is)  
[http://fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=209&Itemid=517](http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=209&Itemid=517)

Þar er einnig gerð grein fyrir stjórn stofnunarinnar  
[http://fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=112&Itemid=528](http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=112&Itemid=528)

Eftirfarandi skipurit lýsir stjórn á innra starfi skólans í stórum dráttum.

### Skipurit Fjölbrautaskóla Vesturlands



Stefna skólans er í endurskoðun sem fram fer með hliðsjón af ákvæðum aðalnámskrár frá 2011 um sex grunnþætti menntunar. Einnig er lögð aukin áhersla á tengsl við nærsamfélag. Þessi endurskoðun mun þó ekki breyta því að stefna skólans felur hér eftir sem hingað til í sér áherslur á að:

1. Koma til móts við þarfir allra íbúa svæðisins fyrir menntun á framhaldsskólastigi með því að bjóða fjölbreytt nám á mörgum brautum, sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir. Skólinn er fyrir alla sem vilja stunda nám á framhaldsskólastigi og eru tilbúnir til að leggja sig fram.
2. Hver nemandi finni að velferð hans skipti máli, kennurum og stjórnendum skólans þyki mikilvægt að hann nýti og þroski hæfileika sína, vinni vel og ná góðum árangri.
3. Í hverjum áfanga sem kenndur er við skólann séu nemendum veittar skýrar upplýsingar um markmið, áherslur og kröfur í náminu.
4. Kennarar hvetji nemendur til að leggja sig fram og velji viðfangsefni og kennsluaðferðir sem stuðla að því að þeir nái skilgreindum markmiðum.
5. Kennarar nýti og þroski hæfileika sína, frumkvæði þeirra njóti sín og þeir taki þátt í þróunarstarfi.
6. Skólareglur, sem nemendum er gert að hlýða, stuðli að árangursríku námi, gagnkvæmri virðingu nemenda, kennara og annars starfsfólks og hvetji til góðrar umgengni, tillitssemi og umburðarlyndis.

### 3. Viðfangsefni

FVA stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir skólinn á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

#### a. Skólanámskrá og námsframboð

Upplýsingar um námsframboð og skipulag náms eru í skólanámskrá sem liggur frammi á vefnum [www.fva.is](http://www.fva.is) [http://fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=209&Itemid=517](http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=209&Itemid=517)

Skólinn starfar enn að mestu eftir aðalnámskrá frá 1999/2004 og námsbrautir eru í samræmi við ákvæði þeirrar námskrár. Eftirfarandi upptalning lýsir námsframboði skólans:

**Almennt nám:** Almenn námsbraut - undirbúningsnám (AU), Almenn námsbraut - heilbrigðisnám (AH), Almenn námsbraut - tækninám (AT), Almenn námsbraut - viðskiptanám (AV), Almenn námsbraut - fornám (AF).

**Iðnnám:** Grunn nám málmiðngreina (MG), Vélstjóranám 1. stigs (VV1), Vélvirkjun - iðnnám á verknámsbraut (VS8), Grunn nám rafiðna (GR), Rafvirkjun – iðnnám á verknámsbraut (RK8), Rafvirkjun – samningsbundið iðnnám (RK9), Grunn nám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM), Húsasmíði – iðnnám á verknámsbraut (HÚ8).

**Listnám:** Listnámsbraut (LN).

**Nám fyrir fatlaða:** Starfsbraut (ST1 og ST3).

**Nám til stúdentsprófs:** Félagsfræðabraut (FÉ), Málabraut (MB), Náttúrufræðibraut (NÁ),

Viðbótarnám til stúdentsprófs eftir starfs- eða listnám (VSS).

**Starfstengdar námsbrautir aðrar en iðnbrautir:** Sjúkraliðabraut (SJ), Tölvufræðibraut (TFB), Viðskiptabraut (VI).

Nám á listnámsbraut er aðeins í boði fyrir þá sem taka tónlist sem kjörsvið og taka tónlistaráfanga á brautinni við tónlistarskóla. Sérgreinar í vélstjóranámi 1. stigs, á sjúkraliðabraut og á tölvufræðibraut eru í boði þegar þátttaka fæst. Á öðrum námsbrautum en vélstjóranámi 1. stigs, listnámsbraut, sjúkraliðabraut og tölvufræðibraut býður skólinn reglulega upp á alla áfanga sem þarf til að ljúka brautinni.

## b. Skólabragur

Upplýsingar um réttindi og skyldur nemenda, stuðning, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, sjálfsmat og gæðamál og fleiri efni má finna í skólanámskrá sem liggur frammi á vefnum [www.fva.is](http://www.fva.is)

[http://fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=209&Itemid=517](http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=209&Itemid=517)

Upplýsingar um félagsmál nemenda, foreldraráð og samstarf skólans við foreldra, viðbrögð við áföllum og öryggismál liggja frammi á sama vef

[http://fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=420&Itemid=531](http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=420&Itemid=531)

[http://fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=418&Itemid=577](http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=418&Itemid=577)

[http://fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=126&Itemid=530](http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=126&Itemid=530)

[http://fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=421&Itemid=533](http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=421&Itemid=533)

Á vef skólans eru einnig upplýsingar um bókasafn, mótuneyti, heimavist o.fl.

[http://fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=125&Itemid=512](http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=125&Itemid=512)

[http://fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=111&Itemid=513](http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=111&Itemid=513)

[http://fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=110&Itemid=514](http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=110&Itemid=514)

## c. Innritun og brotthvarf

Skólinn tekur við öllum umsækjendum undir 18 ára aldri sem æskja inngöngu og öðrum upp að því marki sem fjárheimildir og húsrúm leyfa. Undanfarið hefur ekki þurft að vísa nema örfáum umsækjendum frá og þeir hafa verið fullorðnir umsækjendur um iðnnám.

Inntökuskilyrði á námsbrautir eru tilgreind í skólanámskrá. Þau eru:

**Nemandi sem innritast á iðnbraut eða aðra starfstengda námsbraut** skal hafa lokið námi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og útskrifast með einkunn 5 eða hærrí í íslensku og stærðfræði. Nemandi sem ekki uppfyllir þessi skilyrði getur öðlast rétt til að hefja nám á starfsnámsbrautum með því að ljúka fyrst almennri námsbraut við skólann. Á sumum starfsnámsbrautum er aðeins unnt að taka við takmörkuðum nemendafjölda. Ef ekki er hægt að veita inngöngu öllum umsækjendum sem uppfylla ofangreind inntökuskilyrði þá er höfð hliðsjón af einkunn fyrir ástundun eða skólasókn og námsárangur í öðrum greinum þar sem það á við, þegar valið er milli umsækjenda.

**Nemandi sem innritast í bóknám til stúdentsprófs** skal hafa lokið námi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og útskrifast með einkunnir sem eru að lágmarki eins og taflan

sýnir. Heimilt er að veita nemendum sem hafa góða einkunn fyrir ástundun undanþágu þótt þeir hafi of lága einkunn í einni grein. Nemandi sem ekki uppfyllir inntökuskilyrði á bóknámsbrautir til stúdentsprófs getur öðlast rétt til að hefja nám á þeim með því að ljúka fyrst almennri námsbraut við skólann og áföngum númer 102 eða 103 í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði.

	danska	enska	íslenska	stærðfræði	náttúrufræði	samfélagsfræði
félagsfræðibraut	5	6	6	5	5	6
málabraut	6	6	6	5	5	5
náttúrufræðibraut	5	5	6	6	6	5

**Ekki eru formleg inntökuskilyrði í viðbótarnám til stúdentsprófs eftir starfsnám.**

**Nemandi sem innritast á listnámsbraut** skal hafa lokið námi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og útskrifast með einkunn 5 eða hærri í íslensku og stærðfræði. Nemandi þarf að hafa lagt stund á listnám í grunnskóla eða sérskóla eða geta sýnt með öðrum hætti að námið henti honum.

#### d. Kennslufyrirkomulag

Upplýsingar um kennslufyrirkomulag hvers áfanga eru í kennsluáætlunum sem birtar eru á vefnum [www.fva.is](http://www.fva.is) ([http://pluto.fva.is/kennsluaetlun/kerf\\_kennsl\\_listi\\_opid.php](http://pluto.fva.is/kennsluaetlun/kerf_kennsl_listi_opid.php)).

Boðið eru upp á dreifikennslu og kennslu utan hefðbundins vinnutíma fyrir fullorðna nemendur í starfstengdu námi. Á haustönn 2012 er slík kennsla í áföngum á sjúkraliðabraut, námsbraut í húsasmíði og námsbraut í vélvirkjun.

Kennsla fyrir unglunga og aðra sem sækja skólann á dagvinnutíma fer fram í kennslustofum og er eftir atvikum sambland af innlögnum frá kennara og verkefnavinnu af ýmsu tagi. Í þessari kennslu er fast samband milli einingafjölda og fjölda kennslustunda (þar sem hver eining fær tvær kennslustundir á viku í eina önn).

#### e. Nemendur með sérþarfir

FVA leggur áherslu á að taka við öllum unglingum af svæðinu óháð því hvort þeir búa við fötlun eða hafa sérþarfir sem taka þarf tillit til. Við skólann er starfsbraut fyrir fatlaða nemendur. Kennsla á starfsbraut er löguð að þörfum hvers og eins nemanda.

Skólinn býður, eftir því sem fjárhagur hans leyfir, upp á stuðningskennslu fyrir nemendur með námserfiðleika. Hann býður einnig upp á íslenskukennslu fyrir nemendur sem eiga annað móðurmál.

#### f. Mat og eftirlit með gæðum

Í skólanámskrá sem liggur frammi á vefnum [www.fva.is](http://www.fva.is) [http://fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=209&Itemid=517](http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=209&Itemid=517) er stutt greinargerð um mat á starfi skólans. Ítarleg gögn um innra mat liggja frammi á sama vef [http://fva.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=407&Itemid=573](http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=407&Itemid=573)

Ytra mat á skólanum var unnið af Trausta Þorsteinssyni og Braga Guðmundssyni á vorönn 2012. Skýrsla þeirra liggur frammi á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins ásamt viðbrögðum skólameistara við henni.

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=ACF6FBCAA0920DB300257A8C004BD97E&action=openDocument>

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=4BF6782B4A19B8EB00257A8C004CCE38&action=openDocument>

#### 4. Sérstök rekstrarverkefni

Skólinn rekur heimavist með 32 tveggja manna herbergjum.

#### 5. Markmið og tímabundin verkefni

Í viðauka með samningi þessum eru talin upp markmið skólans til næstu ára og einnig gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem unnið er að í þágu einstakra markmiða.

#### 6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur FVA. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

##### a. Fjölbrautaskóli Vesturlands

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.

- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykktu áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávíka og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

#### **b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

### **7. Gildistími og endurskoðun**

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2014.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Reykjavík, 13/2 2013

Staður og dagsetning

Katrín Jakobsdóttir  
Mennta- og menningarmálaráðherra

Ólafur Þorvaldursson  
Skólameistari  
Á AKRANESI

# Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013 og 2014 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fjölbrautaskóla Vesturlands

## A. Markmið

1. Byggja upp tengsl við fyrirtæki og sveitarstjórnir á svæði skólans og stofnanir sem sveitarfélög reka.
  - i. Mynda í samvinnu við sveitarstjórnir samráðsvettvang við iðnfyrirtæki á svæðinu. Samráðið verði formgert á árinu 2013.
  - ii. Taka þátt í viðbótar- og endurmenntun starfsmanna í fyrirtækjum og stofnunum á svæði skólans. Slíkt framboð menntunar verði ákveðið í upphafi hvorrar annar frá haustönn 2013.
  - iii. Tengja kennslu í a.m.k. þrem áföngum á skólaárinu 2013 til 2014 við starf Fab-lab.
  - iv. Þjóða valfög í verkmenntagreinum fyrir nemendur í unglingadeildum allra grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit frá haustönn 2013.
  - v. Semja við Akraneskaupstað um samvinnu skólabókasafns FVA og bæjarbókasafns Akraness á árinu 2013.
  - vi. Stefnumótun um tengingu skólans við nærsamfélag sitt verður bætt við almenna stefnuskrá skólans í fyrsta hluta skólanámskrár á skólaárinu 2013-2014.
2. Þróa skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá frá 2011.
  - i. Móta stefnu og markmið sem falla undir grunnþætti menntunar. Á skólaárinu 2012 til 2013 verður lokið stefnumótun um jafnrétti, heilbrigði og lýðræði. Stefnumótun um sköpun, læsi og sjálfbærni verður lokið á skólaárinu 2013 til 2014.
  - ii. Fullvinna nýjar bóknámsbrautir í samræmi við aðalnámskrá frá 2011 fyrir árslok 2013.
  - iii. Skilgreina almennt tækninám með námslok á fyrsta hæfniprepi fyrir lok mars 2013.
  - iv. Stefnumótun um sex grunnþætti menntunar verður bætt við almenna stefnuskrá skólans í fyrsta hluta skólanámskrár í lok vorannar 2014.
3. Endurskoða sjálfsmatskerfi skólans vegna innleiðingar nýrrar aðalnámskrár. Um leið og grunnþættirnir í nýju aðalnámskránni fá sess í skólanámskrá verður sjálfsmatskerfi skólans endurskoðað til að meta hversu vel tekst að vinna að markmiðum sem falla undir þá. Þessari endurskoðun verður lokið á árinu 2014.
4. Þjóða stuðning í fámennum hópum fyrir nemendur af erlendum uppruna frá haustönn 2013.

## B. Tímabundin verkefni

Á skólaárinu 2012 til 2013 vinnur Fjölbrautaskóli Vesturlands að fjórum verkefnum sem hlotið hafa styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti:

**a) Að skilgreina almennt tækninám með námslok á fyrsta hæfniprepi** í samráði og samstarfi við Fjölbrautaskólana á Selfossi og á Suðurnesjum. Ætlunin er að þessi stutta braut verði aðfaranám að iðnnámi á nokkrum sviðum og nemendur sem ljúka henni verði a.m.k. komnir áleiðis í málmiðngreinum og byggingagreinum.

Verkefnið hefur hlotið tveggja milljón króna styrk úr sjóði til eflingar starfsmenntunar. Tilkynnt var um styrkinn með bréfi ráðuneytisins dagsettu 6. september 2012. Ráðgert er að verkefninu ljúki í mars 2013.

**b) Að skilgreina nám í vökvatækni með námslok á fjórða hæfniprepi.** Námið er hugsað sem viðbót við iðnnám í mál- og rafiðngreinum. Verkefnið er unnið í samráði og samvinnu við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi.

Verkefnið hefur hlotið tveggja milljón króna styrk úr sjóði til eflingar starfsmenntunar. Tilkynnt var um styrkinn með bréfi ráðuneytisins dagsettu 6. september 2012. Ráðgert er að verkefninu ljúki á árinu 2013.

**c) Að skilgreina markmið sem falla undir jafnrétti í skólanámskrá og endurskoða um leið jafnréttisáætlun skólans.** Markmið um jafnrétti í skólanámskrá taka mið af ákvæðum aðalnámskrár frá 2011 um jafnrétti sem grunnþátt menntunar.

Sá hluti þessa verkefnis sem snýr að gerð jafnréttisáætlunar fékk styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti að upphæð 0,5 milljónir króna. Tilkynnt var um styrkinn með bréfi ráðuneytisins dagsettu 30. júní 2012. Þessu verkefni var lokið nú um miðja haustönn 2012. Lokaskýrslu var skilað til ráðuneytisins 24. október 2012.

**d) Að skilgreina markmið sem falla undir heilbrigði og velferð í skólanámskrá og endurskoða um leið kennslu í lífsleikni og íþróttum við skólann.** Markmið um þessi efni í skólanámskrá taka mið af ákvæðum aðalnámskrár frá 2011 um heilbrigði og velferð sem grunnþátt menntunar.

Þetta verkefni hlaut styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti að upphæð 0,7 milljónir króna. Tilkynnt var um styrkinn með bréfi ráðuneytisins dagsettu 21. maí 2012. Ráðgert er að verkinu ljúki í mars 2013.